



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	2. fundur stjórnar KLÍ 2016-2017
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	14.júlí 2016 kl 20:00
Pátttakendur:	Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Formaður Bjarni Páll Jakobsson (BPJ) Varaformaður Svanhildur Ólafsdóttir (SÓ) Meðstjórnandi Hafþór Harðarson (HH) Meðstjórnandi Valgeir Guðbjartsson (VG) 3. varamaður Stefán Claessen 1. varamaður Björgvin Valdimarsson (BV) 2. varamaður
Boðuð forföll:	Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri
Fjarverandi:	
	Björgvin var viðstaddur með skype tengingu.
Fundarritari:	HH

Dagskrá fundar

1. Staðfesting fundagerðar síðasta fundar
2. Yfirferð formannafundar með eiganda Keiluhallarinnar
3. Starfslýsingar og framhald starfsmannamála
4. ECC - þjálfaramál
5. Keilarar ársins - tillaga frá HH
6. Boð um að senda keppendur á mót í Frakklandi (VG)
7. Næsta tímabil, staða
8. Önnur mál

Fundargerð

Staðfesting fundagerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar staðfest.

Yfirferð formannafundar með eiganda Keiluhallarinnar

Rætt var um fundinn.

Starfslýsingar og framhald starfsmannamála

Rætt um tillögur frá BP og ÁHE um að ráða íþróttastjóra og starfsmann í 25% starfs hvort, stjórn samþykkti að byrja viðræður við Theódóru Ólafsdóttur sem íþróttastjóra og Þórarinn Már Þorbjörnsson sem starfsmann KLÍ.

ECC – þjálfaramál

Talað um hvort grundvöllur sé til að senda 2 þjálfara/starfsmenn á mótið og kom fram að það sé ekki inni í fjárhagsáætlun. ÁHE ætlar að tala við Theódóru Ólafsdóttur um hvort þeirra ættu að fara það sem Theódóra er að koma úr annarri utanlandsferð á brottfaradegi.

Keilarar ársins – tillaga frá HH

Hafþór fór yfir tillögur að stigalista til Keilara ársins. Tillögurnar ræddar og eru góður grunnur að áframhaldandi vinnu. Hafþór mun leiða þá vinnu ásamt Stefáni, Björgvin og Valgeir.

Boð um að senda keppendur á mót í Frakklandi (VG)

Valgeir (VG) ber undir fundinn fyrirspurn sem hann fékk frá manni í Frakklandi um mót sem verður haldið 7-10 nóvember að KLÍ sendi einn karl og eina konu á þetta mót. Fundarmenn ræddu þetta og kom tillaga frá ÁHE að KLÍ mundi halda mót innan afrekshópa til að vinna sér rétt á þetta mót. Valgeir ætlar að koma með nánari upplýsingar um þetta og stjórn skal ræða þetta nánar.

Næsta tímabil, staða

Rætt var aðeins um umspil 2. Deildar sem fór fram fyrr í sumar. Rætt að enginn sé skráður í mótanefnd og það lendi á stjórninni að taka þá ábyrgð,

Önnur mál

ÁHE talar um að hafa hitt mann frá íslenskri getspá um að keilan færi aftur í lengjuna, þarf stjórn að búa til reglur svo að það komi ekki upp að leikir fari ekki fram eða fólk veðji á sjálft sig.

Stjórnin sammála um að þetta væri frábær hugmynd að reyna koma þessu aftur í gang. Rætt um landsliðsþjálfara allra landsliða í framtíðinni og að allar þær stöður séu opnar.

Fundi slitið 21:20